SDK 1987

Sérstaða Kvennalistans.

Fáeinum órökstuddum staðhæfingum svarað.

Þótt enn sé drjúgur tími til næstu Alþingiskosninga er ljóst að kosningabaráttan er hafin. Að undanförnu hafa bæði Morgunblaðið og Þjóðviljinn rifið sig upp í að ráðast gegn Kvennalistanum sem báðir virðast telja sér afar hættulegan. Morgunblaðið helgaði Kvennalistanum leiðara sinn þann 16. janúar s.l. og hið sama gerði Þjóðviljinn stuttu síðar eða þann 22. janúar. Staksteinar Morgunblaðsins tóku síðan við verkinu 31. jan. og formaður Alþýðubandalagsins bætti um betur í Þjóðviljanum daginn eftir í stjórnmálaskrifum sínum á sunnudegi.

Sammála andstæðingar.

Ekki koma þær árásir á Kvennalistann sem í þessum skrifum er að finna okkur Kvennalistakonum á óvart. Annað eins höfum við nú áður séð. Það sem er merkilegt við þessi skrif er hversu samhljóða þau eru, hversu sammála Morgunblaðið og Þjóðviljinn eru um Kvennalistar.

"Kvennalistinn býður nú fram í öllum kjördæmum. Hann hefur lagt áherslu á að skipa sér við hlið Alþýðubandalagsins og er það vel."

Formaður Alþýðubandalagsins í Þjóðviljanum 1. febr. s.l.

"Líklega er því samt svo farið, að margir kjósendur Kvennalistans hafa ekki áttað sig á því að hér er um hreinræktaðan vinstri flokk að ræða."

Staksteinar Morgunblaðsins 31. jan. s.l.

Hér eru þeir aðilar sem hingað til hafa skilgreint sig sem höfuðandstæðinga í íslenskum stjórnmálum orðnir innilega sammála.

öðru vísi mér áður brá, getur einhver sagt með rétti. Og hvað eru þeir sammála um? Jú, þeir eru sammála um skilgreiningu á Kvennalistanum út frá forsendum sem þeir gefa sér sjálfir og sem eru í báðum tilvikum þær sömu. Á þessum fornu fjendum er þar engan mun að finna.

Að skapa konur í sinni mynd.

Það sem hvorugur vill kannast við er að Kvennalistinn byggir á forsendum sem eru gerólíkar þeim sem íslensk karlapólitík byggir á. Kvennalistinn byggir hugmyndir sínar og stefnu á þeirri reynslu sem öllum konum er sameiginleg og sú reynsla verður hvergi skilgreind innan hægri/vinstri forsendna íslenskra karlastjórnmála. Það er vegna þess að reynsla kvenna er af öðrum toga en sú reynsla sem hingað til hefur legið til grundvallar í íslenskum stjórnmálum. Og þess vegna er Kvennalistinn hvorki til hægri né vinstri í stjórnmálum heldur önnur stjórnmálavídd og kvennapólitík annars konar pólitík en sú flokkspólitík sem stjórnmálaflokkarnir reka.

Formaður Alþýðubandalagsins og Morgunblaðið eru sammála um að afneita þessari sérstöðu Kvennalistans og reyna báðir að þröngva Kvennalistanum inn í það hugmyndakerfi sem skilgreinir þá sjálfa. Með þessu reyna þeir að skapa konur í sinni mynd, skilgreina þær eftir sínum karlaforsendum en ekki forsendum kvenna sjálfra. Þetta er nokkuð sem flestar konur þekkja gjörla og af þessu voru konur búnar að fá nóg fyrir margt löngu. Þess vegna varð Kvennalistinn til og á meðan réttur kvenna til að skilgreina sig og vera til á sínum eigin forsendum er ekki viðurkenndur, mun Kvennalistinn áfram vera til.

Málefnin.

Formaður Alþýðubandalagsins og Staksteinar eru ekki aðeins sammála í skilgreiningu sinni á Kvennalistanum, heldur eru þeir einnig sammála um að Kvennalistinn hafi ekki gert grein fyrir málefnalegri sérstöðu sinni. Enn eru höfuðandstæðingarnir sammála.

Hér eru á ferðinni hrein ósannindi sem engin ástæða er til að sitja þegjandi undir. Málefnaleg sérstaða Kvennalistans hefur verið skýr frá upphafi og þarf enginn að fara í grafgötur með hana sem á annað borð hefur haft tækifæri og vilja til að hlusta.

Kvennalistinn er einn um það íslenskra stjórnmálaafla að setja málefni kvenna í öndvegi, málefni allra kvenna yngri sem eldri, heimavinnandi sem útivinnandi. Kvennalistinn var einn um það á Alþingi að telja ný jafnréttislög harla litla bót á aðstæðum kvenna í íslensku þjóðfélagi vegna þess að ný jafnréttislög breyta í engu þeim aðstæðum sem konur búa við. Þau leiðrétta ekki launamisréttið, rétta ekki hag húsmæðra, byggja ekki dagvistarheimili eða lengja fæðingarorlof svo eitthvað sé nefnt af því sem raunverulega skiptir máli fyrir konur. Kvennalistinn var einn um það á Alþingi að vera ekki sammála tillögu Hjörleifs Guttormssonar um víðtæka könnun á kynjamisréttinu vegna þess að við vitum að hægt er að svæfa öll mál með tímafrekum könnunum og að ekki vantar upplýsingar heldur aðgerðir. Kvennalistinn er einn um það að hafa lagt til á Alþingi að gagngert endurmat fari fram á störfum kvenna og Kvennalistinn var einn um það að snúast öndverður gegn þeim kjarasamningum sem gerðir voru í febrúar á s.l. ári, þar sem fólki voru skömmtuð laun sem ekki var hægt að lifa af. Kvennalistinn er einn um það að hafa alfarið hafnað stóriðju sem vænlegum kosti í íslenskum atvinnumálum, var einn um

það á Alþingi að mótmæla byggingu kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð. Sú verksmiðja hefur þegar kostað okkur 130 milljónir kr. og er fjarri því nú en áður að rísa. Og á meðan Alþýðubandalagið kyrjar "Ísland úr NATO, herinn burt" bendir Kvennalistinn á að friður er forsenda lífs á jörðinni, að lífið sé konum nákomið og því sé þeim skylt að snúast gegn öllu sem fái grandað því.

Þannig mætti áfram telja, af mörgu er að taka, en kjarni málsins er vitaskuld sá að pólitík Kvennalistans byggir á hugmyndum sem önnur pólitík hér landi byggir ekki á. Að okkar viti snýst pólitík ekki eingöngu um málefni eins og formaður Alþýðubandalagsins staðhæfir í sunnudagsskrifum sínum í Þjóðviljanum, hún snýst ekki síður um hugmyndir og gildismat, hugsjónir og réttlæti.

Virðingarleysi við konur og hugmyndir.

Það er einmitt á grundvelli þessa virðingarleysis við hugmyndir og gildi í stjórnmálum sem menn staðhæfa jafnt á vegum Morgunblaðsins sem Þjóðviljans að nú sé ekki lengur þörf á Kvennalista, konur eru nú komnar í "sæmileg vonarsæti" hjá stjórnmálaflokkunum og Kvennalistinn "skemmir" bara fyrir þeim. Skiptir engu máli fyrir hvaða hugmyndir þessar konur standa? Með sömu rökum má segja að allir karlarnir sem eru í framboði "skemmi" bara hver fyrir öðrum eða skiptir heldur engu máli fyrir hvaða hugmyndir þeir standa?

Vitaskuld skiptir það máli og vitaskuld skiptir það einnig máli fyrir hvaða hugmyndir konur standa í stjórnmálum. Röksemdir leiðarahöfunda og annarra sem hafa úttalað sig í þessa veru sýnir í raunninni ekki annað en virðingarleysi fyrir skoðunum og hugmyndum kvenna hverjar sem þær skoðanir og hugmyndir kunna að vera. Þær sýna einnig

að í nauðum grípa menn til þess gamla karlaráðs að deila og drottna með því að reyna að etja konum saman.

"Kvennalistinn verður að svara vel" segir leiðarahöfundur Þjóðviljans. "Kvennalistinn getur kannski réttlætt framboð sitt í þingkosningunum 1983, sem sérstaka aðgerð til að vekja athygli á baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna. En þau rök duga ekki lengur ...." segir Staksteinahöfundur Morgunblaðsins. Hvernig væri að stjórnmálaflokkarnir færu nú að svara vel og réttlæta framboð sín með rökum sem duga? Er ekki kominn tími til?

Auðvitað eru þessi skrif leiðarahöfunda og Staksteina ekkert annað en óforskammaður hofmóður í garð kvenna og um hann geta annars andstæð stjórnmálaöfl greinilega sameinast. Þennan hofmóð kannast konur vel við, til höfuðs honum er Kvennalistinn m.a. stofnaður og á meðan þessi afstaða til kvenna er við lýði mun Kvennalistinn áfram starfa.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.